



KENNASAMBAND Íslands  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Forsætisráðuneytið  
Lækjargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25.5.2023

### **Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.**

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar mál nr. 98/2023 skýrslu um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. KÍ fagnar því og þakkar að hafa fengið að taka þátt í samráðsvettvangi við rýni á stöðu markmiðs fjögur um gæðamenntun og ritun skýrslunnar en leggur áherslu á að orð eru aðeins til alls fyrst og þeim þarf að fylgja eftir með áætlunum, framkvæmdum og fjárveitingum.

### **Umsögn**

KÍ bendir á að menntun er besta jöfnunartæki sem völ er á og standa verður vörð um jöfn tækifæri allra óháð bakgrunni, staðsetningu eða hæfni. Gæta þarf sérstaklega hagsmuna og réttinda barna og ungmenna sem ekki eiga íslensku að móðurmáli, eru með fötlun og þeirra sem af einhverjum orsökum standa höllum fæti innan skólakerfisins. Mikilvægt er að efla stoðþjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi en það verður ekki gert án fjármagns.

KÍ vill ítreka þá kröfu hagsmunaaðila að fjárhagslegur stuðningur vegna framkvæmdar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna verði tryggður svo jafnræðis gæti meðal allra barna hvar sem er á landinu.

KÍ þreystir ekki á að undirstrika að menntun gegnir lykilhlutverki í því að vekja samfélagið til meðvitundar um mikilvægi jafnréttis og sjálfbærni. Mikilvægt er að rannsaka hvernig skólastigin öll hafa innleitt grunnþætti menntunar, sem má tengja á einn eða anna hátt heimsmarkmiðum, í allt skólastarf og hvort þættirnir séu virkir og nýttir sem skyldi. Efla þarf kennaramenntun og um leið næmi kennara til þessara málaflokka svo virkja megi skólakerfið í heild sinni til farsældar samfélagsins alls.

Virðingarfyllst  
f.h. Kennarasambands Íslands

Magnús Þór Jónsson  
formaður kennarasambands Íslands

Sigrún Birna Björnsdóttir  
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum